

66. gr.

Bæjarráð og fastanefndir ráða aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 65. gr.

67. gr.

Fastráðnir starfsmenn bæjarins skulu ráðnir ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti miðað við mánaðamót. Þeir hafa réttindi og skyldur skv. kjarasamningi.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest sbr. 1. mgr. svo og starfssvið þeirra. Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

68. gr.

Forstöðumenn stofnana ráða starfsmenn til tímabundinna verkefna innan ramma fjárhagsáætlunar. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

69. gr.

Afbrigði frá samþykkt þessari getur bæjarstjórn gert í einstökum tilfellum þegar brýna nauðsyn ber til ef meirihluti mættra bæjarfulltrúa samþykkir það.

70. gr.

Til að gera breytingar á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta greiddra atkvæða og staðfestingu félagsmálaráðuneytisins.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Húsavíkurkaupstaðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Húsavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 552/1987 og samþykkt nr. 74/1995 um breytingu á þeirri samþykkt.

Félagsmálaráðuneytinu, 15. apríl 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.

AUGLÝSING

um samþykkt deiliskipulag fyrir orlofs- og sumarbústaðahverfi að Ofanleiti, Vestmannaeyjum.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samþykkt deiliskipulag fyrir orlofs- og sumarbústaðahverfi að Ofanleiti í Vestmannaeyjum.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð skv. skipulagslögum nr. 19/1964 með síðari breytingum og skipulagsreglugerð nr. 318/1985 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 20. apríl 1998.

Guðjón Hjörleifsson bæjarstjóri.